



14. febrúar 2002

Margfeldisáhrif framkvæmda vegna stækkunar Norðuráls

Í greinargerð sem Þjóðhagsstofnun vann fyrir Norðurál um þjóðhagsleg áhrif stækkunar álverkssmiðju fyrirtækisins í 240 þúsund tonna framleiðslugetu kom fram það mat Þjóðhagsstofnunar að aukning landsframleiðslu verði um 1½ beint framlag framkvæmda þegar framkvæmdir standa sem hæst. Með beinu framlagi er átt við aukið vinnsluvirði framkvæmdaaðila og stoðgreina vegna framkvæmdanna. Þar sem heildaráhrif framkvæmda á landsframleiðslu eru meiri en vinnsluvirði framkvæmdaaðila og stoðgreina er sagt að framkvæmdirnar hafi margfeldisáhrif.

Í framhaldi af greinargerðinni barst fyrirspurn frá Norðuráli varðandi margfeldisáhrif framkvæmda á vinnuaflsnotkun. Þjóðhagsstofnun metur að margfeldisáhrif á vinnuaflsnotkun séu hlutfallslega svipuð og margfeldisáhrif framkvæmda á landsframleiðslu þegar framkvæmdir standa sem hæst. Þetta þýðir að heildaráhrif eru u.þ.b. 1½ bein áhrif. Töluverð óvissa er í þessu mati. Þar sem stoðgreinar eru meðtaldar í beinum áhrifum á vinnuaflsnotkun má gróft áætla að heildaráhrif framkvæmda á vinnuaflsnotkun séu nærri tvöföld vinnuaflsnotkun framkvæmdaaðila sjálfra (án stoðgreina) þegar framkvæmdir standa sem hæst.

Það veltur á dæmum sem skoðuð eru í greinargerðinni hvað slík margfeldisáhrif fela í sér mörg ársverk umfram ársverk í framkvæmdum. Í dæmi A1 (stækkun Norðuráls + Reyðarál) eru ársverk á vegum framkvæmdaaðila á árunum 2003-2005 að meðaltali um 2000 og heildaraukning ársverka gæti því verið allt að 4000 ársverk. Í dæmi B1 (stækkun Norðuráls) eru ársverk í framkvæmdum að meðaltali um 850 á sama tímabili þannig að aukin vinnuaflsnotkun í hagkerfinu í heild gæti numið nálægt 1700 ársverkum.